

Matsreglur vegna grunnmats og árlegs mats (2009 og fyrr)

A- Rannsóknir

A1. Prófrítgerðir (kandidats- meistara og doktorsritgerðir)

Eitt eintak af ritgerð þarf að fylgja ásamt skírteini um útskrift.

Fram þarf að koma í færslu og í þessari röð: titill, ártal, einingafjöldi, háskóli, blaðsíðutal.

A2. Bækur

Eitt eintak af bók þarf að fylgja. Ekki nægir að senda inn próförk

Eftirfarandi þarf að koma fram í færslu og í þessari röð: titill, ártal, útgefandi og blaðsíðutal, ásamt nöfnum höfunda (ef fleiri en einn).

A3. Greinar í fræðiritum

Senda þarf inn ljósrít af greininni og ljósrít af forsíðu tímarits og efnisyfirliti. Sérprent nægir einnig. Ekki nægir að senda inn útprentaða grein eða grein í próförk.

Eftirfarandi þarf að koma fram í færslu og í þessari röð: titill greinar, nafn tímarits, útg.ár og tölublað, (útgefandi), blaðsíðutal í tímariti og nöfn höfunda. Öll nöfn þurfa að koma fram. Ef óljóst er um fjölda höfunda er höfundafjöldinn 25 notaður til þess að reikna út stig fyrir grein. Það gildir um allar flokka greina og veggspjöld.

A4. Bókarkafli/grein í ráðstefnuriti

Senda þarf inn ljósrít af kaflanum og ljósrít af forsíðu bókar og efnisyfirliti. Sérprent nægir einnig. Ef um mjög langa kafla er að ræða er hægt að senda inn alla bókina.

Hvað ráðstefnugreinar varðar, þá þarf að koma fram frá hvaða ráðstefnu greinin er.

Eftirfarandi þarf að koma fram í færslu og í þessari röð: titill greinar, nafn

bókar/ráðstefnurits, nafn og dags. ráðstefnu, útgáfuár, útgáfuaðili, blaðsíðutal í bók og nöfn höfunda.

A5.1 Fræðileg skýrsla eða álitsgerð

Eitt eintak af skýrslu þarf að fylgja. Ekki nægir að senda útprent.

Eftirfarandi þarf að koma fram í færslu og í þessari röð: nafn skýrslu, stofnun, ártal, blaðsíðutal/fjöldi, útgáfunúmer eða númer í ritröð og nöfn höfunda.

Óútgefnar og óaðgengilegar skýrslur eru ekki metnar til stiga.

A5.2 Ritdómur

Senda þarf inn ljósrít af ritdómnum og ljósrít af titilsíðu tímarits og efnisyfirliti. Ekki nægir að senda inn útprentaða grein eða grein í próförk.

Eftirfarandi þarf að koma fram í færslu og í þessari röð: titill greinar, nafn bókar/efnis sem dæmt er og höfundur þess, nafn tímarits, ártal, útg. ár og tbl., (útgefandi), blaðsíðutal í tímariti og nöfn höfunda.

A5.3.1 Erindi á vísindaráðstefnu (3 stig)

Dagskrá ráðstefnu verður að liggja fyrir. Ekki þarf að senda inn útprentað erindi, en er þó heimilt. Ekki þarf að senda inn abstrakta. Einungis flytjandi erindis fær stig, ekki aðrir höfundar. Þó eru veitt stig fyrir erindi nema og er þá stigum deilt í tvo höfunda skv. almennri deilireglu. Það þarf þá að koma fram að flytjandi sé nemandi hjá viðkomandi kennara/sérfræðingi.

Eftirfarandi þarf að koma fram í færslu og í þessari röð: nafn erindis, nafn ráðstefnu (ekki skammstafað), dagsetning flutnings, nafn höfunda og nafn flytjanda,.

A5.3.2 Fræðilegt erindi (1 stig)

Erindi á málstofum, erindi fyrir faghópa og fræðafélög og erindi í háskólum eru metin á eitt stig. Erindi fyrir almenning eru ekki metin til stiga hér (sjá D6). Auglýsing fyrir erindið eða dagskrá þarf að liggja fyrir.

Eftirfarandi þarf að koma fram í færslu og í þessari röð: nafn erindis, nafn ráðstefnu/málstofu (ef við á, ekki skammstafað), dagsetning flutnings, nafn höfunda, nafn flytjanda,

A5.3.3 Plenum fyrirlestur eða inngangsfyrirlestur á ráðstefnu (5 stig)

Erindi sem flutt eru yfir öllum ráðstefnugestum áður en ráðstefnu er skipt upp í málstofur eru metin til fimm stiga. Plenum fyrirlestur á mjög stórra ráðstefnu (fleiri en 1000 þátttakendur) má meta til 10 stiga og þarf þá að koma fram hve margir sóttu ráðstefnunnar. Heimilt er að meta opinberan fyrirlestur við háskóla samkvæmt 5.3.3. hafi kennarinn eða sérfræðingurinn verið boðið til þess sérstaklega og þarf boðsbréf þá að liggja fyrir. Lagt er áherslu á vægi erindisins, hvort uppihald sé greitt o.s.frv. Boðsbréf og dagskrá ráðstefnu verða að liggja fyrir og auglýsing ef óskað er eftir fimm stiga mati á opinberum fyrirlestri.

Eftirfarandi þarf að koma fram í færslu og í þessari röð: nafn erindis, nafn ráðstefnu (ef við á, ekki skammstafað), dagsetning flutnings, nafn höfunda, nafn flytjanda,

A5.4 Veggspjöld (1-2 stig)

Dagskrá ráðstefnu þarf til staðfestingar á kynningu veggspjalds. Stig fyrir veggspjöld deilast samkvæmt almennt deilireglu.

Eftirfarandi þarf að koma fram í færslu og í þessari röð: nafn veggspjalds, nafn höfunda, nafn ráðstefnu og staðsetning og dagsetning kynningar.

A5.5 Þýðingar (0-10 stig)

Eitt eintak af verki þarf að fylgja. Ekki nægir að senda inn próförk.

Eftirfarandi þarf að koma fram í færslu og í þessari röð: titill, ártal, lengd, útgáfuaðili og blaðsíðutal, ásamt nafni þýðanda og nafni höfundar.

A5.6 Annað (hugbúnaður, einkaleyfi, sálfræðipróf, lagafrumvörp, hönnunarverk ofl.) (0-10 stig)

Staðfesting á birtingu verður að fylgja, itt eintak af verki ef við á. Þarf að koma fram í innsendum gögnum hvaða þátt viðkomandi á af verki.

A6. Tilvitnanir

Rannsóknasvið/Kjaranefnd tekur saman upplýsingar um tilvitnanir úr ISI gagnagrunnum. Upplýsinga er aflað við ráðningu. Eftir það er hægt í ársmatsskýrslu að óska sérstaklega eftir endurtalningu á tilvitnunum.

A7.1. Ritstjóri tímarits (2-5 stig/ári)

Eitt eintak af tímariti þarf að fylgja umsókn.

Eftirfarandi þarf að koma fram í færslu og í þessari röð: titill greinar, nafn tímarits, ártal, útgáfuár og útgáfunúmer, (útgefandi), blaðsíðutal í tímariti og nöfn höfunda.

Fram þarf að koma hversu mörg tölublöð voru gefin út á því ári sem á að meta

A7.2. Seta í ritstjórn tímarits (1-2 stig/ári)

Eitt eintak af tímariti þarf að fylgja umsókn.

Eftirfarandi þarf að koma fram í færslu og í þessari röð: titill greinar, nafn tímarits, ártal, útgáfuár og útgáfunúmer, (útgefandi), blaðsíðutal í tímariti og nöfn höfunda. Fram þarf að koma hversu mörg tölublöð voru gefin út á því ári sem á að meta

A7.3. Ritstjóri fræðibókar (2-5 stig/bók)

Eitt eintak af bók þarf að fylgja. Ekki nægir að senda inn próförk

Eftirfarandi þarf að koma fram í færslu og í þessari röð: titill bókar, ártal, nafn/nöfn ritstjóra, útgefandi og blaðsíðutal.

7.4 Seta í ritstjórn fræðibókar (1-2 stig/bók)

Eitt eintak af bók þarf að fylgja. Ekki nægir að senda inn próförk

Eftirfarandi þarf að koma fram í færslu og í þessari röð: titill bókar, ártal, nafn/nöfn ritstjóra, útgefandi og blaðsíðutal.

B1. Kennslureynsla (10 stig/ári)

B1.1. Lektor, dósent eða prófessor, fullt starf

Gögn eru tekin saman af skólunum. Stig eru í réttu hlutfalli við starfshlutfall.

B1.2. Stundakennari sem hefur umsjón með námskeiðum (hámark 6stig/ári)

Eingöngu kennsla á háskólastigi er metin. Fram verður að koma nafn námskeiðs, fjöldi eininga og hlutdeild í kennslunni (umsjón og/eða kennsla að hluta eða öllu leyti). Ef óskað er eftir mati á kennslu í akademískri skiptiáætlun þá þarf tímabil námskeiðshalds að fylgja auk ofangreindra upplýsinga.

B2. Kennslurit

B2.1. Smárit eða kennsluefni á vefnum (0-3 stig)

Eitt eintak af verkinu eða tilvísun í heimasíðu þarf að fylgja umsókn.

Eftirfarandi þarf að koma fram í færslu og í þessari röð: nafn verks, dags, nöfn höfunda, dreifingaraðili og blaðsíðufjöldi.

B2.2. Kennslurit, kennslubækur (5-60 stig)

Eitt eintak af bók þarf að fylgja. Ekki nægir að senda inn próförk

Eftirfarandi þarf að koma fram í færslu og í þessari röð: titill, ártal, lengd, útgefandi og blaðsíðutal, ásamt nöfnum höfunda (ef fleiri en einn).

B3. Leiðbeining nemenda

Einungis leiðbeining meistara- og doktorsnema er metin til stiga. Leiðbeining í grunnnámi er ekki metin til stiga. Seta í meistaraprófsnefnd er ekki metin til stiga en seta í doktorsnefnd er metin til stiga undir lið D2.

B3.1. Meistaraverkefni (2-4 stig)

Fram verður að koma nafn nemanda, nafn verkefnis, nafn stofnunar sem hún er unnin við, blaðsíðutal og einingafjöldi. Ljósrit af titilsíðu og efnisyfirliti verður að fylgja með umsókn. Starfinu verður að vera lokið til þess að það sé metið til stiga.

B3.2. Doktorsverkefni (10 stig)

Fram verður að koma nafn nemanda, nafn verkefnis, nafn stofnunar sem hún er unnin við og blaðsíðutal. Ljósrit af titilsíðu og efnisyfirliti verður að fylgja með umsókn. Starfinu verður að vera lokið til þess að það sé metið til stiga.

B4. Nýsköpun í kennslu (2-10 stig)

Nauðsynlegt er að stutt skýrsla fylgi um starfið, hálf til ein blaðsíða. Ef skýrsla fylgir ekki, þá ekki metið til stiga. Staðfesting á þróunarstarfi frá þriðja aðila þarf að fylgja umsókn

C. Stjórnun

Stjórnun á vegum háskóla í heild er metin í c lið. Stjórnun innan deilda er ekki metin til stiga (skorarformennska og formennska í deild undanskilin). Hjá varamönnum er fundarseta metin ef þess er óskað.

C1. Formaður skorar/námsbrautar (10 stig/ári)

Ekki þarf að skila inn fylgigögnum undir þessum lið. Fram þarf að koma nafn skorar/námsbrautar og tímabil formennsku.

Einungis formennska námsbrauta við Kennaraháskólann er metin undir þessum lið.

C2. Formaður í starfsnefndum háskólaráðs (10 stig/ári)

Ekki þarf að skila inn fylgigögnum undir þessum lið.

C3. Forstöðumaður rannsóknastofnunar (5-15 stig/ári)

Ekki þarf að skila inn fylgigögnum undir þessum lið.

C4. Deildarforseti (50 stig/ári)

Ekki þarf að skila inn fylgigögnum undir þessum lið.

C5. Varadeildarforseti (10 stig/ári)

Ekki þarf að skila inn fylgigögnum undir þessum lið.

C6. Rektor (75 stig/ári)

Ekki þarf að skila inn fylgigögnum undir þessum lið.

C7. Seta í háskólaráði/háskólanefnd (5 stig/ári)

Ekki þarf að skila inn fylgigögnum undir þessum lið.

C8. Seta í nefnd á vegum háskólaráðs eða rektors (2 stig/ári)

Fram þarf að koma starfstímabil nefndarinnar. Skila þarf inn ljósriti af skipunarbréfi.

C9. Formaður í nefnd á vegum háskólaráðs eða rektors (3 stig/ári)

Fram þarf að koma starfstímabil nefndarinnar. Skila þarf inn ljósriti af skipunarbréfi.

D. Þjónusta

D1. Skipulagning alþjóðlegrar vísindaráðstefnu (2-5 stig)

Ráðstefnu verður að vera lokið til þess að hún sé metin til stiga. Skila þarf inn staðfestingu á starfinu, t.d. dagsskrá ráðstefnu.

D2. Seta í doktorsnefnd (3 stig)

Starfinu verður að vera lokið til þess að það sé metið til stiga. Staðfesting á starfinu þarf að liggja fyrir í umsókn.

D3. Seta í dómnefnd (2 stig)

Starfinu verður að vera lokið til þess að það sé metið til stiga. Staðfesting háskóla liggur fyrir hjá rannsóknasviði/Kjaranefnd og því þarf ekki að skila inn fylgigögnum undir þessum lið.

D4. Formaður dómnefndar (3 stig)

Starfinu verður að vera lokið til þess að það sé metið til stiga. Staðfesting háskóla liggur fyrir hjá rannsóknasviði/Kjaranefnd og því þarf ekki að skila inn fylgigögnum undir þessum lið.

D5. Andmælandi við doktorsvörn (3 stig)

Starfinu verður að vera lokið til þess að það sé metið til stiga. Staðfesting verður að fylgja umsókn.

D6. Fræðsluefni fyrir almenning (0-10 stig)

Hér er hægt að meta ýmsa fræðslu fyrir almenning, t.d. greinar í tímaritum almenns efnis og fyrirlestrar fyrir almenning. Staðfesting á flutningi/birtingu þarf að fylgja umsókn.

D7. Seta í nefndum eða stjórnnum (0-2 stig)

Nafn nefndar/stjórnar og starfstímabil verður að koma fram. Staðfesting á starfinu þarf að fylgja umsókn.

E. Fyrri störf

Nafn vinnustaðar, starfsheiti, starfstímabil og starfshlutfall verður að koma fram.

F. Almenn

Hér er hægt að meta atriði sem ekki eru metin öðrum hlutum matskerfisins. Ef óskað er eftir sérstöku mati, þarf rökstuðningur að fylgja

Önnur atriði í matsreglum

a) Fjöldi höfundar

Í matsreglum gildir eftirfarandi regla yfir bækur, bókarkafli, greinar í tímaritum og veggspjöld:

Þegar höfundar eru fleiri en einn reiknast stig á eftirfarandi hátt:

2 höfundar: 1,5 x stig / 2

3 höfundar: 1,8 x stig / 3

4 höfundar eða fleiri: 2 x stig / höfundafjöldi

b) Sérstakt mat

Á við um ársmat. Hægt er að biðja um sérstakt mat á einstöku verki í flokkunum A2.-A4. Rökstyðja þarf það sérstaklega (hálf til ein blaðsíða).

c) Endurmat

Á fimm ára fresti er hægt að óska eftir endurmati á verkum sem hafa vakið sérstaka athygli eða haft óvenju mikil áhrif á fræðasviði viðkomandi. Endurmat hefur ekki áhrif á greiðslur úr ritlaunasjóðum háskólanna.